



Siðareglur Landhelgisgæslu Íslands

Gildissvið

1. gr.

Landhelgisgæsla Íslands er einn af hornsteinum íslenska lýðveldisins og útvörður öryggis þjóðarinnar.

Siðareglur þessar ná til alls starfsfólks Landhelgisgæslu Íslands, oft nefnt Landhelgisgæslufólk.

Þegar starfsfólk Landhelgisgæslunnar sinnir löggæslu, tollgæslu eða evrópskri landamæragæslu skal það einnig hafa siðareglur viðkomandi stofnana að leiðarljósi.

Hlutverk Landhelgisgæslu Íslands

2. gr.

Hlutverk Landhelgisgæslu Íslands er að sinna öryggisgæslu og björgun á hafi úti og fara með löggæslu á hafinu, þar með talið fiskveiðieftirlit og fleiri verkefni sem kveðið er á um í lögum um Landhelgisgæsluna. Starfssvæði Landhelgisgæslu Íslands er hafið umhverfis Ísland, þ.e. innsævið, landhelgin, aðlæga beltið, efnahagslögsagan og landgrunnið, auk úthafsins samkvæmt reglum þjóðaréttar.

Í störfum sínum ber starfsfólk Landhelgisgæslunnar ábyrgð gagnvart almenningi og yfirvöldum.

Góðir starfshættir Landhelgisgæslufólks

3. gr.

Starf alls starfsfólks Landhelgisgæslunnar skal byggt á fyrirmælum í lögum og öðrum réttarheimildum, þ.m.t. þjóðréttarlegum skuldbindingum Íslands.

Í störfum sínum skal starfsfólk leggja áherslu á góða siði og tileinka sér og fylgja þjónustusiðum Landhelgisgæslunnar í starfi. Starfsfólk Landhelgisgæslunnar skal vera áreiðanlegt í hvívetna og koma fram af dugnaði og kunnáttu. Það getur því aðeins vænst trausts og virðingar vegna starfa sinna að það framkvæmi hlutverk Landhelgisgæslunnar með það að leiðarljósi að þjóna samfélaginu af heiðarleika, hlutlægni, réttsýni, nærgætni, trúmennsku, þagmælsku og fagmennsku.

4. gr.

Starfsfólki Landhelgisgæslunnar ber að viðhalda þekkingu sinni og færni. Því ber að sýna árvekni í starfi sínu og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir. Starfsfólki Landhelgisgæslunnar ber að rækja starf sitt af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttsýni. Því skal það víkja eigin hagsmunum til hliðar við framkvæmd starfa Landhelgisgæslunnar og í almannapágu.

5. gr.

Starfsfólk Landhelgisgæslunnar skal ávallt virða það að allir eru jafnir fyrir lögum og eiga jafnan rétt á þeirri þjónustu sem Landhelgisgæslan veitir, án tillits til kynferðis, kynhneigðar, kynvitundar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti. Landhelgisgæslufólki ber að virða ákvæði jafnréttisáætlunar Landhelgisgæslunnar.

6. gr.

Landhelgisgæslufólk skal stuðla að því að upplýsingar sem almenningi eru nauðsynlegar varðandi starfsemi Landhelgisgæslunnar séu aðgengilegar og vel kynntar. Starfsfólk skal þó ekki tjá sig við fjölmiðla nema í samræmi við það sem mælt er fyrir um í fjölmiðlareglum Landhelgisgæslunnar og frekari leiðbeiningum forstjóra um samskipti Landhelgisgæslunnar og fjölmiðla.

7. gr.

Allt starfsfólk Landhelgisgæslunnar er bundið þagnarskyldu um atvik sem það verður áskynja um í starfi eða vegna starfs síns. Þetta tekur m.a. til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, starfshætti Landhelgisgæslunnar og fyrirhugaðar aðgerðir. Sama á við um aðrar upplýsingar, gögn eða skjöl samkvæmt lögum, starfsreglum Landhelgisgæslunnar eða eðli málsins.

8. gr.

Landhelgisgæslufólki er skylt að hlýða fyrirskipunum yfirmanna um störf sín og fylgja þeim eftir af trúmennsku. Það ber ábyrgð á gerðum sínum í starfi og fyrirmælum sem gefin eru undirmönnum.

9. gr.

Verði landhelgisgæslufólk vart við spillingu af einhverju tagi innan Landhelgisgæslunnar skal það tilkynna yfirmönnum sínum um hana eins fljótt og auðið er.

Landhelgisgæslufólk skal ekki þiggja gjafir í tengslum við störf sín. Sanngjarnt er að víkja frá þessu ef um afmælisgjafir eða annars konar tækifærisgjafir er að ræða enda sé verðmæti þeirra innan hóflegra marka. Hafa skal samráð við yfirmann ef vafi leikur á hvort starfsmanni sé heimilt að taka við gjöf.

10. gr.

Starfsfólk Landhelgisgæslunnar skal gæta hófs og sanngirni í ummælum sínum um samstarfsfólk sitt jafnt og aðra, svo sem með því að taka ekki þátt í slúðri eða dreifa rógi. Þannig skal allt starfsfólk Landhelgisgæslunnar ávallt leitast við að skapa jákvætt andrúmsloft innan Landhelgisgæslunnar.

11. gr.

Landhelgisgæslufólk skal gæta þess að aðhafast ekkert það í starfi sínu eða utan þess, sem er almennt til þess fallið að draga óhlutdrægni þess í starfi í efa.

Starfsfólk skal gæta orða sinna í hvívetna, til dæmis við skoðanaskipti á internetinu, s.s. uppfærslur á samfélagsmiðlum og athugasemdir við fréttir á fréttamiðlum.

Starfsfólk Landhelgisgæslunnar skal í starfi sínu gæta fyllsta hlutleysis og jafnræðis í aðgerðum gagnvart erlendum þjóðum.

12. gr.

Starfsfólk Landhelgisgæslunnar skal vera snyrtilegt til fara við vinnu sína. Það starfsfólk sem klæðist einkennisfatnaði Landhelgisgæslunnar skal eingöngu nota fatnaðinn við störf sín og í samræmi við reglur Landhelgisgæslunnar um einkennisföt.

13. gr.

Landhelgisgæslufólk skal fara vel með þær eigur stofnunarinnar sem það hefur umráð yfir eða fær til afnota. Þá ber landhelgisgæslufólki að fara vel með það almannafé sem það hefur til ráðstöfunar, gæta þess að það sé vel nýtt og það sé ekki notað á annan hátt en ætlast er til lögum samkvæmt.

14. gr.

Það starfsfólk sem hefur með mannráðningar og forráð að gera, skal ekki taka ákvörðun um eða eiga aðkomu að ráðningu í störf ef skyld- eða venslafólk hefur sótt um starfið. Komi slík staða upp skal viðkomandi starfsmaður víkja ráðningunni til yfirmanns síns eða annars hæfs starfsmanns.

15. gr.

Starfsfólki Landhelgisgæslu Íslands er óheimilt að taka þátt í umfjöllun eða afgreiðslu mála sem varða það sjálf eða skyld- eða venslafólk þess.


16. gr.

Landhelgisgæslufólki er óheimilt að gegna eða taka stöðu/starf sem er ósamrýmanlegt starfi viðkomandi hjá Landhelgisgæslunni. Áður en starfsmaður hyggst, samhliða starfi sínu taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar ber honum að skýra forstjóra frá því sem tekur afstöðu til málsins innan tveggja vikna samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Banni forstjóri slíkt aukastarf, má bera það undir dómsmálaráðherra.

17. gr.

Síðareglur þessar öðlast þegar gildi og fyrri reglur falla þar með úr gildi.

Reykjavík, 14. nóvember 2017



Georg Kristinn Lárusson
forstjóri